



Félag háskólakennara

3. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn miðvikudaginn 1. september 2021

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Íris Davíðsdóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Pontus Erik Gunnar Jarvstad og Berglind Eva Benediktsdóttir. Sævar Ingbórsson var viðstaddur á fjarfundi. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð. Forföll boðaði: Armann Höskuldsson.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 18. ágúst 2021.
2. Fundur með rektor, staða mála.
3. Raunvísindastofnun, staða mála.
4. Samráðsnefnd Fh og HÍ.
5. Samninganámskeið ríkissáttasemjara, sbr. tp. 12. ágúst.
6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
7. Fréttir af BHM, ÍD.
8. Önnur mál:
 - Aukafundur stjórnar í september vegna endurskoðunar matskerfisins.
 - Fundur formanns og framkvæmdastjórnar dags. 30. ágúst sl. vegna greiningar innra skipulagi BHM.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 18. ágúst 2021

Fundargerðin var samþykkt með breytingum á orðalagi á 5., 6. og 13. dagskrárliðum. Þá var Pontus tvítalinn í fundarsetu.

2. Fundur með rektor

Fundartími er ákveðinn þann 7. september nk. kl. 10. Allir viðstaddir stjórnarmenn munu taka þátt í fundinum.

3. Fundur með Raunvísindastofnun

Félagið hefur óskað eftir fundi með stofnuninni til að ræða umbun fyrir kennslu akademískra starfsmanna. Svar hefur enn ekki borist en mun vera á leiðinni.

4. Samráðsnefnd Fh og HÍ

Fundur verður haldinn í samráðsnefnd nk. föstudag 3. september kl. 10:30. Félag háskólakennara hefur óskað eftir því að eftirfalin atriði verði rædd.

- i) Málefni doktorsnema:
Umboðsmaður doktorsnema,
Veikindaréttur doktorsnema (vantar reglur um veikindaréttinn),
Laun doktorsnema á styrk mismunandi (doktorsnemasjóður), umræða um meðferð á overhead (borgað inná laun sumsstaðar).
- ii) Staða stundakennara. Stundakennarar í meira en 25% kennslu, sbr. fyrirspurn Fedon til rektors.
- iii) Laun í sóttkví og skráning hennar í vinnustund.
- iv) Tímabundin umbun vegna álags t.d. þegar samstarfsaðili fær covid (reglur?)..
- v) Vinnutímastyttingin og reynsla af henni.
- vi) Reglur um fjarvinnu.
- vii) Málefni aðjunktta 1. Að þeir geti verið í minna en 50% starfshlutfalli, sbr. samráðsnefndarfund frá 15.4.21
- viii) Þrep fyrir kennslufræðinámskeið.

Ákveðið var að senda bréf FEDON vegna umboðsmanns doktorsnema á formann samráðsnefndar um kjaramál. Þá var ákveðið að Íris og Pontus muni auk fulltrúa stjórnar Fh í samráðsnefnd, sitja fundinn.

5. Saminganámskeið ríkissáttasemjara í mars 2022

Málið rætt og stjórnarmenn eru sammála um mikilvægi námskeiðsins. Ekki þarf að tilkynna þátttöku alveg strax.

6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu (BEB)

Berglind Eva fulltrúi Fh í nefndinni sagði frá því að nefndin fundar reglulega tvisvar í mánuði. Til stendur að hitta kennslumálanefnd HÍ til upplýsingaöflunar á næstu dögum. Vinna hefur verið lögð í að reyna að finna samræmda(r) formúlu(r) fyrir talningu vinnustunda til kennslustunda á milli sviða/deilda. Vinnan er flókin og taka þarf tillit til marga þátta. Markmiðið er að reyna að samræma viðmiðin á milli sviða HÍ, sérstaklega fyrirlestrarformsins. Viðmið verklegrar kennslu kæmi í kjölfarið. Stefnt er á að skila skýrsludrögum fyrir næstu áramót. Málið rætt.

7. Fréttir af BHM

Íris fulltrúi Fh í stjórn BHM sagði frá því að bandalagið hefur ráðin kynningarfulltrúa í stað Óla Jóns sem er hættur störfum. Þá er að störfum fyrir bandalagið aðili sem taka á út (greina) innra skipulag þess. Til stendur að hann taki viðtöl við stjórn bandalagsins, starfsmenn þess, alla formenn og framkvæmdstjóra aðildarféлага. Að viðtölum loknum mun vera gerð skýrsla sem verður til frekari umfjöllunar í formannaráði bandalagsins. Vilji er innan stjórnar BHM að fá utanaðkomandi aðila til að endurskoða lög bandalagsins, ekkert hefur hins vegar verið ákveðið. Þá mun stjórn bandalagsins halda starfsdag föstudaginn 10. september nk.

8. Önnur mál

Ákveðið var að fresta ákvörðun um aukafund vegna endurskoðunar matkerfisins fram í október.

Baldvin sagði frá því að hann ásamt framkvæmdastjóra hafi átt fund um innra skipulagi BHM með þeim aðila sem er að vinna að greiningunni fyrir bandalagið.

Fleira ekki gert. Fundi lauk kl. 13:30
Næsti fundur verður 6. október 2021.